

14. júlí 1972.

397

Nr. 189.

REGLUGERÐ um fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

Fiskveiðilandhelgi Íslands skal afmörkuð 50 sjómílum utan við grunnlínu, sem dregin er milli eftirtalinna staða:

1. Horn	66°27'4	n.br.,	22°24'3	v.lg.
2. Ásbúðarrif	66°08'1	—	20°11'0	—
3. Rauðinúpur	66°30'7	—	16°32'4	—
4. Rifstangi	66°32'3	—	16°11'8	—
5. Hraunhafnartangi	66°32'2	—	16°01'5	—
6. Langanes	66°22'7	—	14°31'9	—
7. Glettinganes	65°30'5	—	13°36'3	—
8. Norðfjarðarhorn	65°10'0	—	13°30'8	—
9. Gerpir	65°04'7	—	13°29'6	—
10. Hólmur	64°58'9	—	13°30'6	—
11. Hvitingar	64°23'9	—	14°28'0	—
12. Stokksnes	64°14'1	—	14°58'4	—
13. Hrollaugseyjar	64°01'7	—	15°58'7	—
14. Tvísker	63°55'7	—	16°11'3	—
15. Ingólfshöfði	63°47'8	—	16°38'5	—
16. Hvalsíki	63°44'1	—	17°33'5	—
17. Meðallandssandur I	63°32'4	—	17°55'6	—
18. Meðallandssandur II	63°30'6	—	17°59'9	—
19. Mýrnatangi	63°27'4	—	18°11'8	—
20. Kötlutangi	63°23'4	—	18°42'8	—
21. Lundadrangur	63°23'5	—	19°07'5	—
22. Geirfuglasker	63°19'0	—	20°29'9	—
23. Eldeyjardrangur	63°43'8	—	22°59'4	—
24. Geirfugladrangur	63°40'7	—	23°17'1	—
25. Skálasnagi	64°51'3	—	24°02'5	—
26. Bjargtangar	65°30'2	—	24°32'1	—
27. Kópanes	65°48'4	—	24°06'0	—
28. Barði	66°03'7	—	23°47'4	—
29. Straumnes	66°25'7	—	23°08'4	—
30. Kögur	66°28'3	—	22°55'5	—
31. Horn	66°27'9	—	22°28'2	—

Auk þess skulu dregnar markalínur í kringum eftirfarandi staði 50 sjómílur frá þeim:

32. Kolbeinsey	67°08'8	n.br.,	18°40'6	v.lg.
33. Hvalbakur	64°35'8	—	13°16'6	—

Hver sjómíla reiknast 1852 metrar.

B 50

2. gr.

Í fiskveiðilandhelginni skulu erlendum skipum bannaðar allar veiðar samkvæmt ákvæðum laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi.

3. gr.

Íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót eru bannaðar veiðar innan fiskveiðilandhelginnar á eftirgreindum svæðum og tíma:

1. Fyrir Norðausturlandi á tímabilinu 1. apríl til 1. júní á svæði, er takmarkast að vestan af línu, sem dregin er réttvísandi í norður frá Rifstanga (grunnlínupunktur 4) og að austan af línu, sem dregin er réttvísandi í norðaustur af Langanesi (grunnlínupunktur 6).

2. Fyrir Suðurlandi á tímabilinu 20. marz til 20. apríl á svæði, sem afmarkast af línunum, sem dregnar eru milli eftirgreindra staða:

- a) 63°32'0 n.br., 21°25'0 v.lg.
- b) 63°00'0 — 21°25'0 —
- c) 63°00'0 — 22°00'0 —
- d) 63°32'0 — 22°00'0 —

Að öðru leyti skal íslenskum skipum, sem veiða með botnvörpu, flotvörpu eða dragnót, heimilt að veiða innan fiskveiðilandhelginnar, samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, sbr. lög nr. 21 10. maí 1969, eða sérstökum ákvæðum, sem sett verða fyrir gildistöku reglugerðar þessarar.

4. gr.

Botnvörpuskip skulu hafa öll veiðarfæri í búlka innanborðs, þegar þau eru stödd á svæðum, sem þeim er óheimilt að veiða á.

5. gr.

Aflaskýrslur skulu sendar Fiskifélagi Íslands á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum nr. 55 27. júní 1941, um afla- og útgerðarskýrslur.

Nú telur sjávarútvegsráðuneytið, að um ofveiði verði að ræða, og getur það þá takmarkað fjölda veiðiskipa og hámarksafla hvers einstaks skips.

6. gr.

Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967, um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu ásamt síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960, um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922, um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum, eða ef um er að ræða brot, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum frá kr. 1 000.00 til kr. 100 000.00.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnins, sbr. lög nr. 81 8. desember 1952, og fellur með gildistöku hennar úr gildi reglugerð nr. 3 11. marz 1961, um fiskveiðilandhelgi Íslands.

8. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi 1. september 1972.

Sjávarútvegsráðuneytið, 14. júlí 1972.

Lúðvík Jósepsson.

Jón L. Arnalds.

